


Sveinatunga í Norðurárdal



Bærinn Sveinatunga er í Norðurárdal og er bæjarstæðið sunnan undir Sveinatungumúla. Þar stendur elsta steinsteypa hús í sveit á Íslandi og er nú friðlýst. Húsið var byggt árið 1895 af Jóhanni Eyjólfssyni (1862-1952) sem þá bjó í Sveinatungu ásamt konu sinni Ingibjörgu J. Sigurðardóttur (1872-1934). Jóhann var fæddur í Sveinatungu. Hann gegndi mörgum trúnaðarstörfum í sveit sinni og héraði og var m.a. alþingismaður Mýramanna. Auk þess að byggja húsið í Sveinatungu stóð hann fyrir byggingu á fyrstu steinsteypu fjárréttinni í Þverárhlið 1911.

Íbúðarhúsið í Sveinatungu átti upphaflega að vera hlaðið úr tilhöggnu grjóti, eins og þá tíðkaðist um steinhús. Fenginn var til þess reyndur steinsmiður, Sigurður Hansson. Búið var að draga mikið grjót að þegar menn sáu að það klofnaði illa og því erfitt að laga það til. Var ljóst að grípa þyrfti til annarra ráða. Hugkvæmdist þá Jóhanni og Sigurði að nýta grjótið sem mulning blandaðan við sement og vatn og steypa húsið að mestu leyti. Var kjallarinn hlaðinn úr höggnu grjóti og steinlímdur, en síðan voru allir veggir steyptir og var þykkt þeirra 26 cm. Aðflutningar til verksins voru miklir og erfiðir. Flytja þurfi efnið á klökkum á reiðingshestum 50-60 km vegalengd úr Borgarnesi. Í húsið fóru 120 tonn af sementi svo nokkuð sé nefnt. Voru þrjú menn allt sumarið á ferðinni og fóru þrjú dagar í hverja ferð með 20 reiðingshesta og 3 reiðhesta. Um haustið 1895 flutti heimilisfólk í nýja húsið. Stuttu síðar eða á þriðja í jólum fæddist þeim hjónum þriðja barn sitt sem skírt var Eyjólfur, en alls eignuðust þau hjón ellefu börn. Árið 1915 seldi Jóhann Sveinatungu og keypti Brautarholt á Kjalarnesi. Stundaði hann þar búskap en einnig verzlun og flutninga. Árið 1923 flutti hann ásamt fjölskyldu sinni til Reykjavíkur. Keypti hann þar húsið Hafnarstræti 18 sem enn stendur.

Sveinatunga hafði áður farið í eyði fyrir árið 1989 en það ár tók Jóhann við jörðinni.



Ljósmyndir og samantekt: Guðrún Jónsdóttir. Helstu heimildir:

Jakob Jónsson o.fl. 1993. Byggðir Borgarfjarðar III, bls. 108.

Aðalsteinn Halldórsson o.fl. 1978. Borgfirskar æviskrár IV bindi, bls. 153.

Guðmundur Illugason. 1962. Jóhann Eyjólfsson, aldarminning. Morgunblaðið 13. janúar, bls. 11 og 14.

Kristján F. Björnsson. 1938. Þróun húsagerðar. Héraðssaga Borgarfjarðar II bindi, bls. 230-233.